Heimsmarkmiðin og aðgerðir stjórnvalda

Fanney Karlsdóttir,
forsætisráðuneyti

10. janúar 2019

Stjórnarráð Íslands

Almennt um Heimsmarkmiðin

=

+

RIO+20

- 17 yfirmarkmið – 169 undirmarkmið – „Agenda 2030“
- Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar:
  efnahagsleg, félagsleg, umhverfisleg
- Fimm meginþemu: mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samvinna
- Aðalinntak: Engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir
- Algild markmið, samverkandi, kalla á samstarf ólíkra hagsmunaaðila

Stjórnarráð Íslands

Aðgerðir stjórnvalda

Verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna: Öll ráðuneyti, Hagstofan og SÍS

Kynningarmál

Stöðuskýrsla – forgangsmarkmið

65 alls – 32 innanlands, 24 alþjóðlega, 9 bæði

Tenging við stefnur og áætlanir

Ungmennaráðið

Samstarf innanlands og utan

Staðan kynnt hjá Sameinuðu þjóðunum 2019



FORGANGSMARKMIÐ INNANLANDS OG Í ALÞJÓÐASAMSTARFI

Forgangsmarkmiðin endurspegla áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, sér í lagi þeirra sem vel eru á veg komin. Þá verður jafnframt lögð áhersla á að miðla reynslu og þekkingu Íslands til annarra þjóða heimsins.

- Innanlands
- Alþjóðasamstarf
- Innanlands + Alþjóðasamstarf

1.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadölum á dag til að framfleyta sér.

1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.

2.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring.

því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.

3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.

3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.

3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.

3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og fræðsla og upplýsingagjöf veitt því tengdu. Tryggt verði að kynheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.

4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.

4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu,

Stjórnarráð Íslands

Miðlun, samstarf og samráð

- heimsmarkmidin.is
- Facebook-síða - Heimsmarkmiðin
- Upplýsingagátt í vinnslu – fyrir verkefni tengd Heimsmarkmiðunum
- Samráðsgátt stjórnvalda nýtt

Tenging við áherslur ríkisstjórnar



Sterkt samfélag



Nýsköpun og rannsóknir



Þróttmikið efnahagslíf



Jöfn tækifæri



Umhverfi og loftslag



Lýðræði og gagnsæi

Alþjóðamál

Stjórnarráð Íslands

Samræmd stefnumótun

Heimsmarkmiðin kalla á markvissa tengingu við stefnur og áætlanir

- Samræming innan stjórnsýslunnar – tenging við núverandi málefnasvið og málaflokka sem stjórnvöld vinna að þvert á ráðuneyti og stjórnsýslustig og í samstarfi við hagsmunaaðila – sjá stöðuskýrslu

- Tenging við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

- Tenging inn í nýjar stefnur og áætlanir, s.s.
  -ný innkaupastefna í vinnslu fyrir ríkið í heild með áherslu á sjálfbær innkaup (markmið 12.7)
  -ný menntastefna í vinnslu
  -ný stefna í þróunarsamvinnu
  -aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
  -sjóður um þróunarsamvinnu fyrir atvinnulífið og félagasamtök
  -formennska í Norrænu ráðherranefndinni

- Samræming Heimsmarkmiðanna við stefnur hjá stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og fyrirtækjum

Áherslur, samráð og samstarf

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra:

„Ríkisstjórnin hefur tryggt stóraukið fjármagn til aðgerða í loftslagsmálum og kynnir nú megináherslur nýrrar aðgerðaáætlunar í þessum mikilvæga málaflokki. Framundan er svo samráð við bæði atvinnulíf, sveitarfélög og almenning um nánari útfærslur. Við höfum einbeittan vilja til að ná raunverulegum árangri til að uppfylla markmið Parísarsáttmálans og markmiðinu um kolefnishlutlaust Ísland 2040.“

Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019

en til góðs vinar
liggja gagnvegir,
þótt hann sé firr farinn
Hávamál, Konungsbók
Eddukvæða

Stjórnarráð Íslands

Áherslumál formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019

UNGT FÓLK Á NORÐURLÖNDUNUM

SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA Í NORÐRI

HAFIÐ – BLÁR VÖXTUR Í NORÐRI

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS

Áherslumál formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019

UNGT FÓLK Á NORÐURLÖNDUNUM

Markmið 4.7

4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA Í NORÐRI

Markmið 8.9

8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

HAFIÐ – BLÁR VÖXTUR Í NORÐRI

Markmið 14.1

14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

Áherslumál í Norrænu ráðherranefndinni 2017-2020 tengd sjálfbærri þróun

GENERATION 2030

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Markmið 12.2

12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

Markmið 12.5

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

Markmið 12.8

12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

Markmið 12.B

12.B Þróuð verði tæki til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á ferðaþjónustu sem leiðir af sér störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.

Stofnanir og HM

Hjá Embætti landlæknis

Innleiðing Heilsueflandi samfélags og skóla fellur vel að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og öfugt. Það má glöggt sjá m.a. með því að skoða hvernig Þriðja Heimsmarkmiðið, sem kveður á um heilbrigt líf og vellíðan allra frá vöggu til grafar, er samofið hinum sextán markmiðunum (sjá mynd, Heilsa og vellíðan með Heimsmarkmiðunum).

STARFSÁÆTLUN LANDSPÍTALA Í UMHVERFISMÁLUM 2018-2020

Heilsubætandi umhverfi

- lyf og efnamál

Á spítala fylgir hættulegur úrgangur daglegum rekstri. Mikilvægt er að tryggja örugga meðhöndlun hættulegs úrgangs en einnig að draga úr umhverfisáhrifum vegna efnanotkunar.

Lyfjaframleiðsla og óábyrg lyfjanotkun ógnar umhverfi og heilsu víða um heim. Mikilvægt er að stuðla að sjálfbærri virðiskeðju lyfja sem tryggir öryggi sjúklings og dregur úr umhverfisáhrifum lyfja við framleiðslu, notkun og förgun.

Byggingar og viðhaldsverkefni eru stórt umhverfismál en ekki síður heilsumál. Miklu skiptir hvaða efni eru valin og að ekki séu notuð byggingarefnin efni sem hafa þekkt heilsuspillandi áhrif. Í spítalahúsnæði er mjög æskilegt að velja eins og kostur er vistvæn byggingarefni. Spítalinn ætlar að leggja sig fram um það á næstu árum.

Spítalinn er aðili að alþjóðlegum samtökum, Health Care without Harm og Norrænum samtökum, Nordic Center for Sustainable Healthcare, sem nýtist vel í samstarfsverkefnum.

Stjórnarráð Íslands

Sveitarfélög og HM

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verða innleidd í Kópavogi.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þriðjudaginn 11.september að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í yfirstefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

SVÆÐISSKIPULAG SNÆFELLSNESS 2014 - 2024

Tenging við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Stjórnarráð Íslands

Félagasamtök og HM

Skátarnir
September 25 at 5:31 PM ·

Skátarnir fagna þriggja ára afmæli Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna með útgáfu nýs dagskrárpakka!

„Byggjum betri heim“ er dagskrárpakki um heimsmarkmiðin stútfullur af leikjum og spennandi verkefnum fyrir alla aldurshópa í skátunum!

Markmið efnisins er að gefa fleiri skátum þekkingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og veita þeim innblástur um hvernig þeir, í sínu daglega lífi og með flokkunum sínum, geti tekið ábyrgð á þeim heimi sem þeir búa í.... See More

Fyrirtæki og HM

ISAVIA

MARKMIÐ TENGING VIÐ:

Nr.	Heiti markmiðs	Heimsmarkmið	Ábyrg ferðaþjónusta	GRI	UNGC
1	Minnka notkun jarðefnaelds-neytis í starfsemi Isavia	13 VERNDUN JARÐARINNAR	Umhverfi	G4-EN1, G4-EN2, A05, G4-EN21, G4-EN15, G4-EN16, EN-18, EN-19	7, 8
2	Auka hlutfall flokkaðs úrgangs	12 ÁBYRG NEYSLA	Umhverfi	G4-EN23, G4-EN27, G4-EN28	7, 8, 9
3	Árleg tíðni fjarveruslysa verði 0	3 GÓÐ HEILSA	Öryggi	G4-LA6, G4-LA7	1
4	Innleiða siðareglur birgja sem voru samþykktar af forstjóra 27. júní 2017	12 ÁBYRG NEYSLA	Nærsamfélag	G4-EN32, G4-HR6, G4-HR10, G4-HR11, G4-LA14, G4-LA15, G4-S09, (G4-HR1)	2, 4, 8
5	Gera innkaup Isaiva ohf. sýnilegri, rekjanlegri og aðgengilegri	12 ÁBYRG NEYSLA	Nærsamfélag	G4-57	10
6	Markviss og samræmd samskipti við ytri hagsmunaaðila	17 ALÞJÓÐLEG SAMVINNA	Nærsamfélag	G4-S01	1
7	Fjölgun kvenkyns stjórnenda í þriðja stjórnendaþrepi fyrirtækisins	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	Mannauður	G4-LA12	6
8	Sömu laun fyrir jafn verðmæt störf	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	Mannauður	G4-LA13	6

Heimsmarkmið SÞ í starfsemi Mannvits



Landsvirkjun

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Endurskoðun stefnu um samfélagsábygð mun taka mið af nýjum áherslum í málaflokknum svo sem innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt er stefnt á innleiðingu valinna GRI vísa til þess að styðjast við í markmiðasetningu og skýrslugjöf í tengslum við samfélagsábyrgð.

Stjórnarráð Íslands

Fyrirtæki og HM

„This is a great time for brands which can provide a beacon of trust for consumers. These days, CEOs don't just get judged by how well their share prices are doing, but by what impact they are having on society."

Paul Polman, forstjóri Unilever 2009-2018, einn af talsmönnum Heimsmarkmiðanna, stjórnarformaður alþjóðaviðskiptaráðsins, varaformaður UN Global Compact.

Stjórnarráð Íslands

HM – gerum gott mót!

Flytjum góðar fréttir í framtíðinni

https://www.youtube.com/watch?v=hvcFnV5BDtk

Stjórnarráð Íslands